

Kæru vinir

Ég varð félagsmaður í Hundaræktarfélagi Íslands, HRFÍ, fyrir að verða tuttugu árum þegar ég eignaðist minn fyrsta ættbókarfærða hund. Starf félagsins vakti strax áhuga minn og þá ekki síst glæsilegar sýningar félagsins. Það var svo fyrir tilstilli áhugasamra Chihuahua eigenda sem ég dróst meira og meira til starfa fyrir félagið, og hef ég sinnt hinum ýmsu sjálfböðastörfum innan þess. Árið 2005 kom ég að stofnun Chihuahuadeildarinnar og sat í stjórn deildarinnar til 2011, gaf kost á mér árið 2015 og hef setið sem formaður síðan þá.

Árið 2015 var svo viðburðaríkt ár í mínu lífi, árið sem mitt fólk segir að sé árið sem ég fór alveg í hundana. Þá fékk ég tækifæri við þáttagerð um hunda fyrir Stöð 2. Ég gerði tvær þáttaraðir sem voru sýndar þann veturinn. Félagsmenn í HRFÍ sem ég hafði samband við voru allir tilbúnir að koma að þessu verkefni. Það var algjört forgangsmál hjá mér að nýta þetta tækifæri til að kynna fyrir áhorfendum það flotta starf sem fram fer innan félagsins og fá félagsmenn til að kynna það sjálfa, starfið og tegundirnar, því enginn er betur til þess fallinn. Ég sjálfur lærði heilmargt og opnaði það enn frekar mín augu fyrir því hvað hundar eru stórkostlegir og hversu faglegt starf er unnið innan félagsins.

Í ágúst 2015 var ég samþykktur FCI sýningadómari og hef nú réttindi til að dæma 9 tegundir úr þremur tegundahópum. Það hefur verið gríðarlega skemmtilegt og gefið mér færi á að kynnast starfi annarra hundaræktarféлага í nágrannalöndum okkar.

Ég er bjartsýnn á framtíð félagsins. Félagið hefur verið í góðum höndum undafarin ár og margt hefur áunnist.

Ég sat í stjórn HRFÍ frá 2015-2019, lengst af sem varaformaður, og var það lærdómsríkur tími. Ég tel mig því hafa góða þekkingu á starfi félagsins og veit að hverju ég geng.

Við erum að upplifa fordæmalaus tíma, og hefur það haft mikil áhrif á starfsemi félagsins. Félagstarf hefur verið takmarkað sem og aðrir viðburðir félagsins. Það hefur verið frábært að sjá hvernig stjórn félagsins hefur brugðist við þessum áskorunum. Meðal annars með stafrænni fræðslu og hefur félagið færst nær félagsmönnum meira en nokkurn tímann. Þarna hafa aðsóknarmet verið margslegin og ánægja verið mikil. Þetta langar mig að efla. Á þessum vettvangi má hvetja félagsmenn til frásagna og fræðslu til annarra félagsmanna sem er öllum til gagns. Það er trú mín að með þessu móti má fjölga félagsmönnum og efla félagsandann.

Sprenging hefur orðið í fjölda ættbókarskráninga og með tilheyrandi fjölgun félagsmanna. Það er sameiginleg ábyrgð okkar að hvetja nýja félagsmenn til frekari þátttöku og hagar okkar allra, efla nýliðun í deildum með jákvæðu viðmóti og sýna samstöðu sem hundaeigendur.

Starf félagsins hefur verið blómlegt og þátttaka á sýningum aldei verið meiri. Vegna samkomu takmarkanna hafa viðburðir félagsins legið niðri að stórum hluta, og eðlilega komið niður á fjárhag þess. Það er trú mín að félagsmenn allir komi til með að leggja lóð sín á vogarskálarnar og saman mun okkur takast að rétta félagið af. Það er ljóst að í félagi eins og HRFÍ sem byggir sína afkomu á starfi félagsmanna, í formi þáttökugjalda og félagsgjalda, verða allir að leggjast á eitt. Þetta verður brýnasta verkefni nýrrar stjórnar, að leiða þá vinnu.

Á aðalfundi félagsins í maí 2015 var ég kosinn í aðalstjórn félagsins. Það var samheldinn og góður hópur sem starfaði vel saman að fjölbreyttum verkefnum, hversdagslegum málum deilda og félagsmanna sem eru stór liður í dagskrá stjórnarfundna. Markmið þessarar stjórnar var að koma tölvumálum félagsins í góðan og ferskan farveg. Samtal hófst milli HRFÍ og DKK og hefur tölvukerfi þeirra þegar verið tekið í gagnid en Covid-19 hefur tafið frekari þróun í þeim efnum. Ég tel það engu að síður vera forgangsmál að klára þá vinnu eins fljótt og örugglega, eins og kostur er, og verður það mikil hagræðing bæði fyrir skrifstofu og félagsmenn.

Þarfagreining varðandi húsnæðismál var unnin strax um haustið 2015 og kom margt áhugavert í ljós í svörum félagsmanna, m.a. sterkar skoðanir á því hvernig húsnæði myndi henta starfsemi

Þess og eins hátt hlutfall þeirra sem ekki hafði komið í núverandi húsnæði félagsins. Því tel ég það ljóst að það verður enginn einn sem tekur þá ákvörðun að festa félaginu nýtt húsnæði. Á þessum tíma fengum við ábendingar frá félagsmönnum sem voru skoðaðar en mér finnst frábært að félagsmenn sendi inn slíkar ábendingar.


Samfélagsmiðlar eru nauðsynlegur þáttur í því að auka sýnileika félagsins og það langar mig að efla. Sámur, félagsrit HRFÍ, hefur sinnt því hlutverki um áratugaskeið en er bæði orðinn dýr í framkvæmd og barn síns tíma. Þá sé ég fyrir mér að Sámur yrði áfram til, í öðru formi og öflugri miðill fyrir félagið og félagsmenn.

Fulltrúaráð félagsins finnst mér mikilvægur vettvangur í samskiptum stjórnar og stjórnar deilda og efla þannig tengsl og samvinnu innan HRFÍ.

Ég fagna því samstarfi hefur orðið milli HRFÍ og FÁH, Félags ábyrgra hundaeigenda, að vinna saman að bættu hundahaldi og réttindum hundaeigenda á Íslandi.

Ég er fullur tilhlökkunnar og hlakka til að vinna með því góða fólki sem hefur gefið kost á sér til starfa í stjórn félagsins, nái ég kjöri.

Daníel Örn Hinriksson



Caption